

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í landi Dagverðarness í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 2. október 2012 breytingu á eftirfarandi deili-skipulagsáætlunum í Dagverðarnesi:

Deiliskipulag í landi Dagverðarness í Skorradal, sumarbústaðalóðir – svæði 1.

Breytingin varðar nýja skilmála fyrir deiliskipulag á svæði 1 í Dagverðarnesi. Eldri samþykktar skilmálabreytingar munu falla úr gildi við gildistöku nýrra skilmála.

Deiliskipulag í landi Dagverðarness í Skorradal, sumarbústaðalóðir – svæði 2.

Breytingin varðar nýja skilmála fyrir deiliskipulag á svæði 2 í Dagverðarnesi. Eldri samþykktar skilmálabreytingar munu falla úr gildi við gildistöku nýrra skilmála.

Dagverðarnes 30 – svæði 1.

Breytingin varðar skipulagsskilmála fyrir lóðina Dagverðarnes 30 og tekur til hámarksbygg-ingarmagns. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 60 fm en verður eftir breytingu 85 fm.

Dagverðarnes 119 – svæði 3.

Breytingin varðar skipulagsskilmála fyrir lóðina Dagverðarnes 119 og tekur til hámarksbygg-ingarmagns og gestahúss. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 82 fm en verður eftir breytingu 112 fm, einnig verður heimilt að byggja gestahús.

Dagverðarnes 129 – svæði 3.

Breytingin varðar skipulagsskilmála fyrir lóðina Dagverðarnes 129 og tekur til hámarksbygg-ingarmagns. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 82 fm en verður eftir breytingu 118,9 fm og byggingarmagn geymslu er aukið úr 10 fm í 22,5 fm.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skorradal, 4. október 2012.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.